


Umhverfisstofnun
Áb. <i>81</i>
11 JUNI 2004
48.41
Tilv. UST20040600023



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er ein ríkisstofnun sem tilheyrir Umhverfisáhrifum.

4. Læknarpræstadeild
4.1.102 Reykjavík, Ísland

Tel: +354 561 1000

E-mail: UST@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun er ein ríkisstofnun sem tilheyrir Umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

9. júní 2004

Tilvísun: UST20040600023/sf

Dýpkunarframkvæmdir í Bolungarvíkurhöfn. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 26. maí, þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gaf umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar með bréfi dags. 30. júní 2003 og frekari umsögn dags. 14. júlí 2003. Það var mat stofnunarinnar að leggja yrði fram ítarlegri gögn um lífríki svæðisins áður en tekin yrði afstaða til hugsanlegra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Náttúrustofa Vestfjarða hefur nú gert frekari rannsóknir á straumum og botndýralífi út af Óshólavita og inn með Óshlíð. Skyrsla náttúrustofunnar um þær rannsóknir frá maí 2004 fylgdi með framangreindu erindi Skipulagsstofnunar.

Í svörum Bolungarvíkurhafnar við umsögnum um matsskyldu frá 4. júlí 2003 kemur fram að losunarstaður dýpkunarefnis er nú staðsettur á 40 m dýpi um 3 km frá höfninni. Samkvæmt niðurstöðum í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða frá maí 2004 eru botndýrasamfélögin sem fundust nokkuð algeng við landið. Straumur er góður út af Óshólum og inn með Óshlíðinni. Samkvæmt skýrslunni ætti losunarefnið að dreifast auðveldlega þar sem enginn þröskuldur er út af Óshólum, svæðið mjög opíð, viðtakinn góður skv. Lenka-viðtakamati og kornastærð losunarefnis lítil. Það er mat Náttúrustofu Vestfjarða að vegna áhrifa strauma og brims á svæðinu muni efnid hverfa af svæðinu á skömmum tíma og botngerð verða svipuð og áður. Í kjölfarið muni lífverur flytjast úr nágrenninu og botndýralíf verða áþekkt því sem áður var. Losun fins efnis við Óshóla í Bolungarvík muni því hafa skammtímaáhrif á lífríkið en varanleg áhrif verði líklegast engin.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á lífríki.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er vitað hversu mikið grugg og hve langt það mun berast inn með Óshlíðinni, sbr. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða. Ef mikið grugg berst inn með híðinni vegna losunar dýpkunarefnis gæti það haft áhrif á grásleppuveiði sem þar er stunduð. Umhverfisstofnun tekur undir þær ábendingar Náttúrustofu Vestfjarða að æskilegt sé að framkvæmdir liggi niðri í apríl og maí ef í ljós kemur að mikið grugg berist inn með

Óshlíðinni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum ekki ástæðu til að ætla að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki. Hvað mengun varðar er vísað til fyrri umsagnar dags. 30. júní 2003.

Umhverfisstofnun tekur undir þær ábendingar Náttúrustofu Vestfjarða að vegna grásleppuveiða eigi ekki að vinna að dýpkunarframkvæmdum í apríl og maí ef mikið berst af gruggi inn með Óshlíðinni .

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri ábendingar þess efnis að leita verður heimildar stofnunarinnar til að varpa dýpkunarefni í hafið skv. lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, sbr. einnig umsagnir Umhverfisstofnunar dags. 30. júní 2003 og 14. júlí 2003.

Virðingarfyllst,



Sigurður Friðrikssdóttir



Héldi Jónasson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs